

2019

ÁRSSKÝRSLA



Vestfjarðastofa



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Um Vestfjarðastofu	4
Fundir	4
Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)	8
Rekstur og hagsmunagæsla	10
Sóknaráætlun Vestfjarða	13
Atvinnuþróun	18
Byggðapróun	21
Menningarmál	25
Markaðsstofa Vestfjarða	26

Ávarp framkvæmdastjóra

3

Ársfundur Vestfjarðastofu árið 2020 fer, eins og svo margt þetta árið, fram í skugga heimsfaraldurs og því verður fundurinn í fjarfundi. Ársskýrsla fyrir árið 2019 er birt á fundinum og er ávarp þetta skrifað í maí 2020. Að hugsa til ársins 2019 er dálítið eins og að reyna að komast í skó sem ekki passa lengur. Þó má segja að á því ári höfum við tekið skref sem hjálpa okkur til að takast á við það sem framundan er, að takast á við afleiðingar heimsfaraldurs.




Árið 2019 var unnin ný Sóknaráætlun fyrir Vestfirði 2020–2024. Meginstef þeirrar áætlunar eiga vel við gagnvart þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í kjölfar heimsfaraldurs og framtíðarsýnin er í fullu gildi:

Vestfirðir eru framúrskarandi svæði til að búa, starfa, heimsækja og njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og umhverfisvitund. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.

Á ársfundi Vestfjarðastofu árið 2019 voru kynntar sviðsmyndir fyrir atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum árið 2035 í riti sem bar yfirskriftina „Á krossgötum“. Þó við höfum ekki gert ráð fyrir að standa á krossgötum heimsfaraldurs þá má þó segja að hægt sé að nýta þær sviðsmyndir til að horfa fram á veginn og leiða okkur áfram. Sviðsmyndin sem titluð er „Vestfirsk seigla“ hefur líklega aldrei átt betur við. Í þeirri sviðsmynd er það frumkvæði einstaklinga, tæknivædd fyrirtæki, klasasamstarf, umbætur í vegamálum og mannlíf sem byggist á vestfirskri menningu og sterkri sjálfsmynd sem gerir að verkum að upp hefur byggst enn öflugra samfélag á svæðinu.

Vestfirska seiglan hefur og mun koma sér vel. Hún í bland við þor og kjark til nýsköpunar og þróunar er öflugt tól sem fært getur fjórðunginn áfram. Til þess þarf þó samstöðu, vilja til breytinga og kjark til að taka á stundum erfiðar ákvarðanir.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu



Um Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa ses. var stofnuð 1. desember 2017 á grunni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Undir Vestfjarðastofu heyrir einnig Markaðsstofa Vestfjarða og menningarfulltrúi Vestfjarða.

Tilgangur Vestfjarðastofu er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðapróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ná með öflugu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.


Fundir

Ársfundur Vestfjarðastofu 2019 var haldinn þann 10. maí á Þingeyri.

Stjórn Vestfjarðastofu hélt 11 stjórnarfundir á árinu 2019. Fundargerðir allra funda má finna á heimasíðunni www.vestfiridir.is og einnig fundargerðir ársfundar og haustfundar auk fundargerða nefnda. Upplýsingar um fjármál og rekstur Vestfjarðastofu má einnig finna á heimasíðunni.

Upplýsingamiðlun

Fréttum og upplýsingum hefur verið miðlað á vefnum www.vestfiridir.is á árinu 2019. Alls voru 57 fréttir settar inn á síðuna árið 2019. Nýr vefur var smíðaður og opnaður í upphafi árs 2019. Vestfjarðastofa er einnig með Facebooksíðu og er þar miðlað fréttum og upplýsingum tengdri starfseminni. Í lok ársins 2019 voru komnir um 2400 fylgjendur.



Stjórn Vestfjarðastofu

Stjórn við árslok 2019

Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Hafdis Gunnarsdóttir	Ísafjarðarbæ - formaður
Sigurður Hreinsson,	Ísafjarðarbæ
Jóhanna Ösp Einarisdóttir	Reykholahreppi
Iða Marsibil Jónsdóttir	Vesturbyggð
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvíkurkaupstað

Frá atvinnulífi og menningu:

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir	Hótel Ísafirði
Kristján G. Jóakimsson	HG
Víkingur Gunnarsson	Arnarlax
Ágústa Ýr Sveinsdóttir	Þörungavinnslan Reykhólum

Aðilar Vestfjarðastofu og fulltrúar í fulltrúaráði

Arnarlax	Þorsteinn Másson
3X Technology	Karl Ásgeirsson
Háskólaþing Vestfjarða	Peter Weiss
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Sædís María Jónatansdóttir
Arna ehf	Óskar Örn Hálfðánarson
Artic Sea Farm hf	Shiran Þórisson
Reykholahreppur	Árný Huld Haraldsdóttir
Súðavíkurhreppur	Elsa G. Borgarsdóttir
Ísafjarðarbær	Þórir Guðmundsson
Strandabyggð	Ásta Þórisdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Sveitarstjóri
Bolungarvíkurkaupstaður	Katrín Pálsdóttir
ThorVerk ehf	Ágústa Ýr Sveinsdóttir
Kerecis	Ásta María Sverrisdóttir
Vesturbyggð	María Ósk Óskarsdóttir
Hótel Ísafjörður	Hólmfríður Vala Svavarsdóttir
Hraðfrystihúsið Gunnvör	Kristján G. Jóakimsson
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson
Marigor	Einar Sveinn Ólafsson
Íslenska kalkþörungafélagið	Halldór Halldórsson
Vesturferðir	Linda Pálsdóttir
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	Viktória Ólafsdóttir
Byggðastofnun	Guðbjörg Óskarsdóttir
Kampi	Brynjar Ingason
Verkís	Jóhann Birkir Helgason
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir

Starfsháttanefnd Vestfjarðastofu

Baldur Einarsson	formaður
Viktória Rán Ólafsdóttir	
Guðrún Eggertsdóttir	



Starfsfólk Vestfjarðastofu

Starfsmenn Vestfjarðastofu eru hryggjarstykki starfseminnar og þeir sem keyra starfsemina áfram. Festa er komin á starfsemina og starfsmannavelta lítil. Um mitt ár 2019 var verkefnið Umhverfissvottun fært sem tilraun til 18 mánaða til Náttúrustofu Vestfjarða og fylgdi María Maack verkefninu þann tíma í launalausni leyfi frá Vestfjarðastofu. María hvarf svo til annarra starfa í lok ársins og eru henni þökkun vel unnin störf fyrir Vestfjarðastofu og áður Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Silja Baldvinsdóttir varð gæðastjóri hjá Arnarlax og hætti hjá Vestfjarðastofu í mars 2019 og í september hóf Guðrún Anna Finnbogadóttir kom til starfa beint úr Vestfirskum sjávarútvegi og hóf störf hjá Vestfjarðastofu í september með starfstöð á Patreksfirði. Við lok ársins 2019 voru starfsmenn 11 í 11 stöðugildum. Staðsetning í listanum hér fyrir neðan vísar til starfsstöðvar en allir starfsmenn sinna verkefnum á öllu starfssvæði Vestfjarðastofu.

Aðalsteinn Óskarsson – sviðsstjóri byggðasviðs	Ísafirði
Agnes Arnardóttir – verkefnastjóri	Þingeyri
Birna Jónasdóttir – verkefnastjóri	Ísafirði
Díana Jóhannsdóttir – sviðsstjóri atvinnusviðs	Ísafirði
Guðrún Anna Finnbogadóttir – verkefnastjóri	Patreksfirði
Lína Björg Tryggvadóttir – verkefnastjóri	Ísafirði
Magnea Garðarsdóttir – verkefnastjóri	Ísafirði
Margrét Jóhanna Birkisdóttir – bókhald	Ísafirði
Sigríður Ó. Kristjánsdóttir – framkvæmdastjóri	
Skúli Gautason – menningarfulltrúi og verkefnastjóri	Hólmavík
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir – verkefnastjóri	Patreksfirði



Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)

64. Fjórðungsþing Vestfirðinga var haldið þann 10. maí 2019 á Þingeyri. Aukvenjubundinna aðalfundastarfa var samþykkt að stofna milliþinganefnd, sem ynni tillögu að breytingum á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingsköpum Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Fjórða Haustþing FV var haldið dagana 25. og 26. október í Félagsheimilinu á Hólmavík. Ályktanir þingsins fjölluðu um samstarf sveitarfélaga, samgöngumál, raforkumál og sorpmál, þingið afgreiddi einnig verulegar breytingar á samþykktum Fjórðungssambandsins sem taka gildi 1. janúar 2020. Ávörp fluttu Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Haraldur Benediktsson, 1. þingmaður Norðvestur kjördæmis. Í þinghléi opnaði samgöngu og sveitarstjórnarráðherra sýninguna Umhverfislestin sem er farandssýning um lausnir í umhverfismálum, sýningin var síðan haldin á Patreksfirði og Ísafirði. Stjórn Fjórðungssambandsins fundar samhliða fundum stjórnar Vestfjarðastofu og eru málefni sambandsins sett fram í fundagerðum Vestfjarðastofu.

Hlutverk Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir stofnun Vestfjarðastofu.

- a. Samkvæmt skipuriti er Fjórðungsþing æðsta vald í málefnum Vestfjarðastofu.
- b. FV gerir samninga við Vestfjarðastofu um rekstur skrifstofu og umsjón og framkvæmd sóknaráætlunar.
- c. Stjórn FV hefur eftirlitshlutverk með að Vestfjarðastofa uppfylli samningana.
- d. FV hefur hlutverk landshlutasamtaka í samskiptum við ríki og sem landshlutasamtök er FV sá aðili sem ríkið beinir erindum til sem varða fjórðunginn.
- e. FV er samstarfsvettvangur sveitarfélaga.
- f. Tilnefningar í stjórnir í nafni Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- g. Stjórn fundar tvisvar á ári fyrir ársfundadag og Haustþing.

Hlutverk Vestfjarðastofu:

- a. Vestfjarðastofa er skrifstofa FV og annast rekstur skrifstofu og verkefna samkvæmt samningum við FV.
- b. Byggðastofnun, Ferðamálastofu og aðra sem samið verður við um slíkt. Gerðir verði samningar milli FV og Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna.
- c. Starfsmenn koma fram fyrir hönd Vestfjarðfjarðastofu sem verður hinn almenni samnefnari fyrir byggða- og atvinnuþróunarmál Vestfjarða.
- d. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri byggðasviðs Vestfjarðastofu hafa umsjón með þeim verkefnum sem tilheyra rekstri og umsýslu verkefna fyrir FV svo sem:
 - i. Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi. Umsagnir eru almennt gerðar í nafni Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga til að umboðskeðja sé skýr.
 - ii. Vinnu við sóknaráætlun landshluta.
 - iii. Áhersluverkefni sóknaráætlunar.
 - iv. Uppbyggingarsjóður – rekstur og umsýsla.
 - v. Samskipti við önnur landshlutasamtök sem Vestfjarðastofa.
 - vi. Samskipti við starfsmenn stjórnarráðsins.
 - vii. Samskipti við sveitarstjórnarmenn á starfssvæði FV.
 - viii. Rekstur fastanefnda.

Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga er samningsaðili við ríkið vegna Sóknaráætlunar en starfsfólk Vestfjarðastofu annast umsýslu Sóknaráætlunar samkvæmt samningi milli aðila eins og samþykktir þriðja Haustþings kveða á um.

Almenningssamgöngur

Alls ferðuðust 6.569 farþegar á leiðum sem Fjórðungssambandið hafði umsjón með á árinu 2019 sem er fjölgun um 170 farþega frá fyrra ári. Eknar voru 2079 ferðir sem er fækkun um 53 ferðir frá fyrra ári, er þar að meginhluta ferðir flugrútu á Ísafjarðarflugvöll og Bíldudalsflugvöll, sem féllu niður samhliða að felldar voru niður ferðir í áætlunarflugi.

Samningar landshlutasamtaka sveitarfélaga við Vegagerðina um framkvæmd almenningssamgangna í landshlutunum runnu út í lok árs 2019 og hefur Vegagerðin tekið við umsjón verkefnisins. Landshlutasamtökin hafa óformlegaverið að veitaráðgjöf og upplýsingartil stjórnvalda og gæta hagsmuna landshlutanna í málinu. Stefna Vegagerðar er að vinna að heildarútboði fyrir landið en óljóst er með framkvæmd mála á Vestfjörðum vegna smæð verkefna og verður á árinu 2020 að leita leiða til að leysa þau á annan hátt. Ljóst er þó að ekki eru áform um að auka fjármagn til almenningssamgangna samkvæmt þingsályktun um Samgönguáætlun sem lögð var fram í lok árs 2019 og einungis lítilsháttar fjármagn er sett til verkefnisins í Byggðaáætlun. Fjórðungssambandið ræður yfir fjármagni sem eru eftirstöðvar af rekstri almenningssamgangna fyrri ára og hefur stofnað til samtarfs við sveitarfélögin á Vestfjörðum um þróun almenningssamgangna. Ýmsar lausnir hafa þar verið ræddar en vandi málsins felst í að langtímafjármagn er takmarkað og stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja í verki að fylgja eftir tillögum í stefnumörkun málaflöksins.



Rekstur og hagsmunagæsla

Framan af ári tóku fiskeldismálin mikinn tíma í tengslum við hagsmunagæslu. Starfsmenn og stjórnarformaður fóru á fundi atvinnuveganefndar Alþingis, funduðu með sjávarútvegsráðuneyti og sveitarstjórnarmönnum til að ýta málum áfram og tryggja að rödd Vestfjarða heyrðist í þessari vinnu. Ný lög um fiskeldi voru samþykkt á Alþingi í júní og boðað var endurskoðað áhættumat Hafrannsóknarstofnunar. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu var tilnefnd ásamt bæjarstjóra Fjarðabyggðar af hálfu Sambands sveitarfélaga í samráðshóp um fiskeldi.

Flutningar skrifstofu Vestfjarðastofu hafa tekið tíma, orku og fjármuni á árinu. Nú standa fyrir dyrum flutningar skrifstofu Vestfjarðastofu á Patreksfirði einnig. Umgjörð um starfsemina og aðbúnaður starfsfólks er því orðinn með besta móti.

Mótun starfsemi Vestfjarðastofu er verkefni sem er í stöðugri þróun. Í lok desember voru tvö ár frá stofndegi Vestfjarðastofu. Undirbúningur stofnunar Vestfjarðastofu hafði staðið yfir í nærri tvö ár þegar að stofndegi kom.

Mannauðsmál taka ávallt nokkurn tíma þó starfsmenn séu ekki nema 11. Í mars lét Silja Baldvinsdóttir af störfum eftir 5 mánaða starf og gerðist gæðastjóri hjá Arnarlaxi. Í hennar stað var ráðin Guðrún Anna Finnbogadóttir með starfsstöð á Patreksfirði. Hún hóf störf 1. september þar sem hún þurfti að vinna uppsagnarfrest hjá fyrri vinnuveitenda. Með samningi sem gerður var við Náttúrustofu Vestfjarða um að taka við umsjón Umhverfissvæðisins var niðurstaðan sú að María Maack fór í launalaust leyfi til 18 mánaða hjá Vestfjarðastofu og fylgdi vottunarverkefninu til Náttúrustofu.

Samrunaáætlun hefur verið nokkurs konar leiðarþók við mótun starfseminnar fyrstu árin og hefur í meginatriðum verið fylgt. Mikill tími hefur farið í að loka Atvinnuþróunarfélaginu en sú vinna er nú loksins á lokaspretti.

Verkefnastjórnunarkerfi og Sharepoint uppbygging hefur einnig tekið tíma og er enn í vinnslu – og verður sjálfsagt enn um sinn þar sem það eru verkefni í stöðugri þróun.

Ný heimasíða var opnuð í febrúar og strax við stofnun Vestfjarðastofu var sett upp Facebook síða sem hefur nú um 2400 fylgjendur. Það eru fleiri fylgjendur en önnur landshlutasamtök eða atvinnuþróunarfélög hafa. Þetta skiptir máli þegar kemur að því að koma upplýsingum á framfæri.

Vikulegir fundir starfsmanna eru gagnlegir. Þeir eru haldnir í fjarfundi á mánudagsmorgnum og bera yfirskriftina „Vikubyrjun“. Þar fara starfsmenn yfir verkefni framundan og það sem gert var í vikunni á undan. Haldið er utan um þessa fundi í Trello.

Framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðamála funda oftast vikulega með formanni stjórnar til að fara yfir helstu mál.

Samstarf við Samband sveitarfélaga og önnur landshlutasamtök er nokkuð mikið og gott að geta borið saman starfsemi og vinnulag. Sviðsstjóri byggðamála og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum við að fara á sameiginlega fundi en áherslan hefur verið að sviðsstjóri beri meginþunga þess samstarfs sem lýtur að sveitarstjórnarstigi en framkvæmdastjóri hefur átt þau samskipti sem lúta að atvinnuþróun ásamt sviðstjóra atvinnumála.

Stjórnarfundir eru almennt mánaðarlega og hafa allir stjórnarfundir farið fram í blönduðum stað- og fjarfundi.

Samskipti við Alþingi og ráðuneyti

Fundir með nefndum Alþingis:

16.01.2019 Umhverfis- og samgöngunefnd. Fundarefni; staða Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit.

16.01.2019 Umhverfis- og samgöngunefnd. Fundarefni Gjaldtaka; vegna vegaframkvæmda

17.05.2019 Fjarfundur með fjárlaganefnd. Kynning sviðsmyndaverkefnis „Á Krossgötum“

14.10.2019 Fundur með fjárlaganefnd. Frumvarp til fjárlaga 2020.

Fundir með þingmönnum:

Í kjördæmavikum Alþingis í febrúar og október voru haldnir fundir með þingmönnum Norðvesturkjördæmis. Í febrúar var þessu sinni ekki skipulagður sérstakur fundur heldur fundað með einstaka þingmönnum. Haldinn var fundur í Flókalundi þann 30. september þar sem kynnt var sýn um uppbyggingu svæðisins ef áætlanir stjórnvalda í samgöngumálum, fiskeldismálum og orkumálum ganga eftir og trygging fjárveitingar til stofnana og tilgreinda málaflokka.

Umsagnir

Umsagnir um frumvörp sem lögð eru fyrir Alþingi er hluti af hagsmunagæslu landshlutans. Með opnun Samráðsgáttar stjórnvalda á árinu 2018 gafst aukið færi á að koma að sjónarmiðum og athugasemdum gagnvart drögum að frumvörpum, áætlunum eða reglugerðum frá stjórnvöldum. Efni umsagna nýtist síðan áfram þegar frumvörp eða tillaga að þingsályktunum eru lögð fram á Alþingi.

Tími leyfir ekki að umsagnir séu gerðar nema við allra mikilvægustu mál sem varða Vestfirði. Þá er sérstaklega horft til mála sem varða uppbyggingu innviða s.s. samgöngur, raforku og fjarskiptamál auk málefna sjávarútvegs, fiskeldis og ferðaþjónustu. Einnig er fylgst með málum sem tengjast náttúruvernd og umhverfismálum á fjölbreyttan hátt.

Umsagnir til Alþingis

- Umsögn um þingsályktun um fjarskiptaáætlun 2019–2023 og Fjarskiptaáætlun 2019–2033
- Umsögn um þingsályktun um Heilbrigðisstefnu til ársins 2030
- Umsögn um þingsályktun um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum
- Umsögn um þingsályktun um þjóðaratkvæðagreiðslu um Reykjavíkurlflugvöllur

- Umsögn um frumvarp til laga breytingu á ýmsum lögum um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.)
- Umsögn um frumvarp til laga um gjaldtöku í fiskeldi
- Umsögn um þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árið 2020-2024
- Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2020

Umsagnir í Samráðsgátt

- Umsögn um drög að frumvarpi um gjald vegna nýtingar eldissvæða.
- Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum um fiskeldi
- Umsögn um skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis Ferðumst saman – drög að stefnu í almenningssamgöngum
- Umsögn um drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaráætlun 2020-2024
- Umsögn um drög að reglugerð um gerð strandsvæðaskipulags
- Umsögn við lýsingu fyrir gerð Landsskipulagsstefnu.

Fjórðungssambandið nýtti sér einnig Samráðsgátt sem vettvang til kynningar á tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.

Alþjóðleg samskipti

Landshlutasamtök sveitarfélaga skipta með sér setu í sveitarstjórnarvettvangi EFTA. Á fundum vettvangsins, sem haldnir eru tvisvar á ári, er fjallað málefni EES samningsins er varða sveitarstjórnarstigið. Fjórðungssamband Vestfirðinga á fulltrúa í ráðinu tímabilið 2018-2020. Á árinu 2019 var fyrri fundur á vegum vettvangsins sóttur en vegna ófærðar tókst ekki að senda fulltrúa á seinni fundin.

Vefur og samfélagsmiðlar

Ný heimasíða Vestfjarðastofu var opnuð í upphafi árs 2019. Vestfjarðastofa er með síðu á Facebook og var hún með ríflega 2000 fylgjendur í lok árs 2019. Auk aðalsíðu undir nafni Vestfjarðastofu heldur starfsfólk úti fjölmörgum hópum tengdum verkefnum og á þannig í markvissum samskiptum vegna t.d. umhverfisvottunar og ferðaþjónustuverkefnum.



Sóknaráætlun Vestfjarða

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi falið Vestfjarðastofu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða. Í því felst að annast alla umsýslu Sóknaráætlunar, samstarf við samráðsvettvang og úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs, framkvæmd úthlutunar og samskipti við styrkþega. Vestfjarðastofa annast einnig umsjón með áhersluverkefnum Sóknaráætlunar.

Endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða var fyrirferðarmikið verkefni á árinu og ný Sóknaráætlun var birt í október. Fjöldmargir opnir fundir voru haldnir um alla Vestfirði til að undirbúa nýja Sóknaráætlun og var hún sett í opið umsagnarferli í lok september sem lauk 16. október.

Hafdís Gunnarsdóttir Formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu undirritaði nýja samninga til fimm ára um Sóknaráætlun Vestfjarða í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu þann 12. nóvember 2019.

Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði fyrir árið 2019 í desember 2018. Eftirfylgni styrkúthlutana er nokkuð tímafrekt verkefni. Gera þarf samninga við styrkþega, fara yfir framvindu- og lokaskýrslur og greiða út styrki. Starfsmenn Vestfjarðastofu annast vinnuna en útgreiðsla styrkja og annarra framlaga fer í gegnum reikninga Fjórðungssambands Vestfirðinga

Áhersluverkefni ársins 2019

Visit Westfjords – 7.200.000

Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Haldið var áfram með verkefnið en það var einnig áhersluverkefni árið 2018. Þeir þættir sem horft var til árið 2019 var :

Áfram var lögð áhersla á móttöku blaðamanna, uppbyggingu heimasíðunnar, samfélagmiðla og þátttöku á sýningum. En jafnframt var með auknu fjármagni hægt að setja upp kynningaferðir fyrir ferðaskrifstofur en töluverð eftirspurn hefur verið eftir slíkum ferðum en ekki hefur verið hægt að sinna þeim vegna takmarkaðs fjármagns.

Hringvegur 2 – 4.000.000

Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Verkefnið er áhersluverkefni til þriggja ára og var fyrsta áfanga lokið 2019. Verkefnið 2019 fólst í því að skilgreina ferðamannleiðina Hringveg 2. Leiðin fékk nafnið Vestfjarðaleiðin og var gerð greining á þeirri upplifun sem tengist ferðalaginu um veginn.

Umhverfissvottun Vestfjarða – 4.000.000

Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Verkefnið gengur út á að viðhalda vottun sem sveitarfélögin hafa fengið og ýta undir verkefni sem lúta að umhverfisvitund íbúa, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Verkefni ársins 2019 var lokið með sýningu Umhverfislestar sem sett var upp á þremur stöðum á Vestfjörðum, Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði. Sýningin tók á ýmsum umhverfismálum og sýndi hvernig má innleiða vinnulag á heimilum og í fyrirtækjum til að bæta umgengni í anda sjálfbærrar þróunar. Vottunaraðili kom til Vestfjarða í desember og tók út vinnu sveitarfélaga og fékkst áframhaldandi vottun með nokkrum athugasemdum sem þurfti að lagfæra og var farið strax í að laga sem hægt var að gera með stuttum fyrirvara. Annað mun fara á verkefni ársins 2020 og þarf að vera komið í lag fyrir næstu úttekt.

Lýðháskólinn á Flateyri – 4.000.000

Umsjón og framkvæmd: Lýðháskólinn á Flateyri

Í september 2019 hófu 29 nemendur nám við skólann. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir til skólans í fast starf og fluttu þeir með fjölskyldu til Flateyrar. Íbúafjöldi þorpsins jókst því um 34 ásamt því að um 30 kennarar komu alstaðar að af landinu sem dvöldu um tíma á Flateyri, eina til tvær vikur í senn. Árið 2019 stóðu nemendur skólans, kennarar og starfsfólk fyrir ýmsum viðburðum fyrir íbúa Flateyrar á þessu fyrsta skólaári sem var vel sótt af heimamönnum, sem svo aftur buðu nemendum, kennurum og starfsfólki velkomið á ýmsa fasta viðburði sem þeir standa fyrir.

Eftir fyrsta skólaárið er það staðreynd að þrír nemendur hafa sest að á Flateyri og tveir á Ísafirði til langframa. Nokkrir nemendur hafa hug á að flytja til Flateyrar ef vinna við hæfi býðst, en þeir eru í virkri atvinnuleit á svæðinu.

Matarkistan Vestfirðir – 3.175.000

Umsjón og framkvæmd: Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Boðið var upp á nýtt nám sem jók þekkingu og færni, ýtti undir samvinnu og hafið það að markmiði að skapa tengsl á milli aðila sem hafa í hyggju að fara í framleiðslu matvæla á svæðinu. Í ágúst hófst skráning í námið, þá var stundaskrá tilbúin og búið að ráða kennara sem að mestu eru þeir sömu og kenndu við matarsmiðjurnar hjá Farskólanum.

Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá 30. október, kennt var tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga kl. 16:00–18:00. Fyrirlestrar voru teknir upp og voru aðgengilegir eftir kennslu.

Engar áætlanir eru hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða um framhald þessa ákveðna verkefnis eftir að kennslu lauk 8. mars 2020 en gera má ráð fyrir að hópurinn sem var í náminu haldi tengslum og er nú kominn með grundvöll fyrir áframhaldandandi samstarf. Auk þess er Fræðslumiðstöð Vestfjarða komin með reynslu af að kenna þessa námsleið og er nú vel í stakk búin að fara aftur af stað með sama nám ef eftirspurn skapast.

Smávirðjanir – 2.000.000

Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa – Verkis

Verkefnið gekk út á að greina hvort að þörf sé á smávirðjanasjóði á Vestfjörðum. Verkfræðistofan Verkis var fengin til að vinna greiningu á því hvort að þörf sé á að stofna smávirðjanasjóð á Vestfjörðum. Sjóðnum væri ætlað að styrkja fyrstu skrefin í rannsóknum og auka möguleika á litlum virkjunum á Vestfjörðum. Skýrslan kom út 7. apríl 2020 og er að finna á vef Vestfjarðastofu.

Þverfaglega rannsóknarteymið – 2.200.000

Umsjón og framkvæmd: Háskólasetur Vestfjarða

Megintilgangur verkefnisins var að styðja uppbygginu á óhlutdrægum, þverfaglegum vísindarannsóknum á Vestfjörðum. Verkefni er framhald á verkefni sem stutt var árið 2017. Haldin var ráðstefna þar sem mikill fjöldi gesta kom og rætt var um áherslur og samstarfsmöguleika rannsóknarumhverfisins á Vestfjörðum. Eftir þessa vinnu er komin saman hópur á Vestfjörðum sem er með þverfaglega reynslu og vísindapekkingu sem vinnur saman þegar þörf er á og heldur skipulega fundi til að halda tengslum og þekkingu.



Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum– 5.000.000

Umsjón og framkvæmd: Háskólasetur Vestfjarða

Byrjað var að kenna námsleiðina í ágúst 2019 og var ráðinn fagstjóri til að stýra námsleiðinni. Námið byggir einkum á inntaki og aðferðum félagsfræði, hagfræði og mannvistarlandafræði og skipulagsfræði. Að námi loknu hafa nemendur öðlast skilning á möguleikum og takmörkunum þróunar byggða við Norður Atlantshaf og tamið sér aðferðir til að sjá fyrir og stýra þróun þeirra. Níu nemendur skráðu sig í Sjávarbyggðarfræði árið 2019 en von er á að fleiri skrái sig inn í námsleiðina að hausti 2020.

Innviðauppbýgging vegna fiskeldisuppbýggingar á Vestfjörðum – 5.000.000

Umsjón og framkvæmd: Vestfjarðastofa

Verkefnið gengur út á að setja fram heilstæða stefnu í fiskeldi byggða á þekkingu, vísindalegum upplýsingum og reynslu sem hefur áunnist í fiskeldi á Vestfjörðum. Framkvæmdin er hugsuð sem þverfagleg stefnumótunarskjal með aðkomu fagaðila úr fiskeldi sem og sérfræðinga á öllum þeim sviðum sem tengjast atvinnugreininni í líkingu við þær stefnumótunarskýrslur sem unnar hafa verið af Sintef í Noregi. Vinnu við verkefnið hefur seinkað þar sem á árinu 2019 fór mikill tími og vinna í hagsmunabaráttu vegna lagasetningar um fiskeldi. Ákveðið var að hinkra með upphaf verkefnisins þar til nýtt áhættumat erfðablöndunar yrði birt. Enn er beðið eftir því en vinna við verkefnið er hafin og þessa dagana er verið að setja upp faghóp/stýrihóp til að vinna að útfærslu verkefnisins. Einnig hefur verið unnið að því að virkja/endurvekja/setja upp fiskeldisklasa

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Úthlutun Uppbyggingarsjóðs vegna ársins 2019 var í lok árs 2018. Eftirfarandi hlutu ný styrkvilyrði en auk þeirra eru nokkur eldri verkefni sem fengið höfðu styrkvilyrði til fleiri ára; Edinborgarhúsið 4 mkr, Melrakkasetur 2,5 mkr, Skjaldborg 1,5 mkr, Steinshús og Sjálfjallasetur 1,2 mkr og Listasafn Samúels 1,2 mkr. samtals 10.400.000 kr fyrir árið 2019.

Heildarúthlutun vegna ársins 2019 var þannig 63,5 mkr..

Í flokki stofn- og rekstrarstyrkja:

Nr	Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
3697	Galdasýning - Umsókn um rekstrarstyrk	Strandagaldur ses.	4.300.000
4037	Stofn-og rekstrarstyrkur Skrímslasetrið	Valdimar Smári Gunnarsson	3.500.000
3983	Sauðfjársetur á Ströndum	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	3.000.000
Samtals: 10.800.000			

Í flokki stærri verkefnisstyrkja:

Nr	Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
4031	Sérstök aukaúthlutun til Edinborgarhúss	Edinborgarhúsið ehf.	4.000.000
4005	Menningarmiðstöðin Edinborg viðburðir	Menningarmiðstöðin Edinborg	2.500.000
3948	Aldrei fór ég suður	Kristján Freyr Halldórsson	2.000.000
4091	Menningardagskrá Hússins 2019	Sköpunarhúsið 72 ehf.	2.000.000
4068	Vestfirski þjóðtrúarfléttan	Háskóli Íslands	2.000.000
3687	Act alone 2019	Act alone, félagasamtök	2.000.000
4021	Hversdagssafn	Skóbúðin hversdagssafn ehf.	2.000.000
3942	Kómedíuleikhúsið	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	2.000.000
3678	Þróun verkferla fyrir þörungasafa	Þörungaklaustur ehf.	2.000.000
3973	Náttúrubarnahátíð og náttúrubarnaskóli	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	2.000.000
3988	Fræfðaleiðsla íslenskra plantna	Náttúrustofa Vestfjarða	2.000.000
Samtals: 24.500.000			

Í flokki minni verkefnisstyrkja:

Nr	Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
3972	Hrognkelsi - Lífræna lúsaetan (LÚSINFER)	Albert K. Dagbjartarson Imsland	1.000.000
4088	Startup Westfjords '19 Nýsköpunarhraðall	Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri ses.	1.000.000
4094	Sköpunarsveimur	Austan mána ehf.	1.000.000
3994	Vélsmíðja G.J.S. vinnustofur á Þingeyri	Byggðasafn Vestfjarða	1.000.000
4086	Skemmtaramúsík, vasaleikhús, ný tónlist	Mugiboogie ehf.	600.000
4061	Sætt og Salt súkkulaði og konfekt	Sætt og Salt ehf.	600.000
3961	Blús milli fjalls og fjöru.	Blús milli fjalls og fjöru, félagasamtök	600.000
4083	Áframræktun hörpudisks á Vestfjörðum	Vistum ehf.	600.000
3993	Gamanmyndahátíð Flateyrar 2019	Eyþór Jóvinsson	500.000

4108	Tungumálatöfrar	Menningarmiðstöðin Edinborg	500.000
4097	ÚR VÖR vefrit	Aron Ingi Guðmundsson	500.000
4023	Gestastofa Dokkan Brugghús	Dokkan brugghús ehf.	500.000
4060	Þjóðmenningarbýlið í Árneshreppi	Elín Agla Briem	500.000
4020	Fjöruperlur Markaðsráðgjöf og þýðing	Kristín Þórunn Helgadóttir	500.000
4048	Gestastofa í Húsi Samúels	Félag um listasafn Samúels	500.000
3992	Flakkarar & förufólk	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	500.000
3847	Runni og Rósa leikrit	Kómedíuleikhúsið, áhugamannfélag	500.000
4040	Hrognkelsaframleiðsla - hagkvæmisathugun	Kunningi ehf.	500.000
4102	Refa- og náttúruljósmyndarferðir	Skútusiglingar ehf.	500.000
3978	Fox Centre 2020 10th Birthday!	Melrakkasetur Íslands ehf.	500.000
4029	Gilsfjörður Arts	Bergsveinn G Reynisson	400.000
4028	Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	400.000
4090	Karíus og Baktus og Dimmalimm	Íþróttafélagið Höfrungur	400.000
4024	Vinnunafn - Vestfirskar konur	Ágúst Guðmundur Atlason	400.000
4016	Wildwest Kelp	Nesskel ehf.	400.000
4015	Viðburðir og miðlun norðan Djúps	Sögumiðlun ehf.	400.000
4077	Vestfjarðamolar (Markaðs- og vöruþróun)	Eva Dögg Þorsteinsdóttir	400.000
4103	Jóhannesarpassían	Maksymilian Haraldur Frach	400.000
4032	Strandir í verki	Leikfélag Hólmavíkur	200.000
3990	48 stunda gamanmyndakeppni	Eyþór Jóvinsson	200.000
4033	Lokahátíð Þjóðleiks á Vestfjörðum	Leikfélag Hólmavíkur	200.000
3968	Fagurfræði hversdagsins	Fjöl móður - Fróðskaparfélag á Ströndum	200.000
4046	Sögusýning í Rafstöðinni	Helgi Hjálmtýsson	200.000
4017	The Factory	Hótel Djúpavík ehf	200.000
3747	Víkingaviðburðir og námskeið	Marsibil G Kristjánsdóttir	200.000
4045	3-D kort í margmiðlunarborð	Valdimar Smári Gunnarsson	200.000
3963	Tálknaféð - Viðburðir 2019	Minjasafn Egils Ólafssonar	200.000
3966	Tónleikaröð Tónlistarfélags Ísafjarðar	Tónlistarfélag Ísafjarðar	200.000
4084	ArtsIceland alþjóðlegar gestavinnustofur	Kol og salt ehf	200.000

Samtals: 17.800.000

Fjölbreytt verkefni tengd atvinnuþróun svæðisins voru í gangi hjá Vestfjarðastofu árið 2019. Fjármögnun þessa hluta starfseminnar er frá Byggðastofnun, sveitarfélögum auk styrkja sem sóttir hafa verið m.a. í verkefni Byggðaaætlunar. Hér eru talin upp nokkur verkefni en hér er langt í frá tæmandi yfirlit

Staðreyndaskjöl

Árið 2019 gaf Vestfjarðastofa út tvö staðreyndaskjöl um grundvallarmálefni um þróun svæðisins annars vegar fiskeldismál og hins vegar raforkumál.

Opnir fundir

Í sumar hélt Vestfjarðastofa í samvinnu við Matis opna fundi á Ísafirði og Tálknafirði um áhrif fiskeldis á samfélög í Troms í Noregi. Gunnar Davíðsson Vestfirðingur og ráðgjafi hjá Troms fylki hélt framsögu og svaraði spurningum. Haldnir voru opnir fundir í samstarfi við Byggðastofnun á Patreksfirði og Ísafirði þar sem kynnt voru atvinnuþróunarverkefni Vestfjarðastofu og lánasvið Byggðastofnunar.

Brothættar byggðir

Í verkefnunum á Þingeyri og í Árneshreppi koma inn á borð starfsmanna atvinnutengd verkefni. Eitt af þeim var stofnun Verzlunarfélags Árneshrepps stuðningur við mögulega kjötvinnslu á svæðinu. Einnig hafa nokkur ferðaþjónustutengd verkefni hlotið stuðning úr verkefnasjóði og notið aðstoðar starfsmanna Vestfjarðastofu. Á Þingeyri hefur ráðgjafi Vestfjarðastofu átt fjölmörg ráðgjafasamtöl og stutt bæði gerð styrkumsókna og einnig aðstoðað við úrvinnslu.

Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

Kortlagning nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva á Vestfjörðum er að ljúka og þar hefur vinnuhópur starfað með ráðgjafa Vestfjarðastofu. Þetta verkefni var stutt úr Byggðaaætlun og er á lokastigum.

Sjávarklasi

Virkun sjávarklasa er stórt verkefni sem skiptir miklu máli fyrir atvinnuþróun á svæðinu. Sjávarútvegsklasi Vestfjarða sem var stofnaður 2005 var endurvakinn í október og fór starfið af miklum krafti af stað. Blásið var til nýsköpunarkeppinnar "Hafsjós af hugmyndum" auk þess sem veittir verðar styrkir til háskólaverkefna sem verða veittir á árinu 2020. "Hafsjór af hugmyndum" er styrkt af uppbyggingarsjóði.

Samtök atvinnurekenda á Vestfjörðum

Haustið 2019 var unnið að því að endurvekja og stofna félög atvinnurekenda á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum og á Ströndum og Reykhólum. Það eru því komin þrjú starfandi félög atvinnurekenda sem svo munu hittast árlega og fara yfir málefni allra atvinnurekenda á Vestfjörðum.

Matarverkefni (Westfjords Food)

Vestfjarðastofa hlaut á árinu styrk frá verkefni Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytisins; Matarauði Íslands. Tilgangur verkefnisins er að draga fram og skilgreina sérstöðu vestfirsks matar og matarupplifunar og tengja við verkefnið Hringveg 2.

Unnin var kortlagning matvælaframleiðenda á svæðinu m.t.t tegundar og umfangs framleiðslunnar. Það sama var gert varðandi veitingastaði hótél og gististaði með veitingaleyfi. Ásamt því að farið var í að kanna fjölda vottaðra eldhúsa á forræði sveitarfélaga á Vestfjörðum, komið hefur verið á samstarfi við þau sveitarfélög sem við á.

Verkefnið var kynnt fyrir hagsmunaaðilum, með heimsóknunum, fundum og vinnustofum. Samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða verið mjög gagnlegt fyrir kynningu og kortlagningu verkefnisins. Ráðstefna var haldin með sérfræðingi frá Matis og Matarauð, fræðsla um leyfismál tengd matvælaframleiðslu og nýsköpun og vöruþróun í matvælaíðnaði.



Vestfjarðastofa hefur verið í góðu samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, bæði við vinnu að kortlagningu og greiningu á umfangi matvælaframleiðslu á svæðinu sem og námskeiðahaldi. Námskeið voru haldin á Patreksfirði, Bolungarvík og á Hólmavík á samt því að komið var á fót verkefninu, Matarkistan Vestfirðir, 14 vikna námskeiði fyrir bændur og smáframleiðendur, þar var lögð áhersla á vörubróun, gerð uppskrifta markaðsetningu og framleiðslu. Mikil ánægja var með námskeiðin auk þess sem þau hafa nýst vel til þess að tengja framleiðendur og kynna verkefnið.

Vinna ársins 2019 fólst því að miklu leiti í að róta upp og ná til smáframleiðenda, aðila sem hafa áhuga á matvælaframleiðslu og aðila sem nú þegar eru í framleiðslu en eiga eftir að vinna í leyfismálum og þ.a.l. astoð við leyfisumsóknir. Þessi greining er góður grunnur fyrir framhaldið þar sem nú liggur fyrir heildarmynd af þeim aðilum sem eru í matvælaframleiðslu og ljóst hverjir eru lykilþáttakendur í áframhaldandi vinnu.

Starfsmenn Vestfjarðastofusóttu Loftslagsskóla Future Food Institute á Þingeyri í byrjun september. Í undirbúningi er viðburður matvælaframleiðenda frá Vestfjörðum á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2020.

Almenn ráðgjöf og fyrirtækjaheimsóknir

Starfsmenn Vestfjarðastofu hafa verið duglegir við að heimsækja fyrirtæki og skerpa tengsl við þau. Fyrirtæki í ferðaþjónustu sem tengjast markaðsstofu eru heimsótt 1-2x á ári og starfsmenn fara hring um Vestfirði til þess og halda einnig opna fundi.

Ráðgjöf vegna styrkumsókna

Eitt af markmiðum í starfsáætlun Vestfjarðastofu var að fjölga umsóknum frá Vestfjörðum í innlenda sjóði. Aðstoð við gerð styrkumsókna og viðskiptaáætlana er því ríkur þáttur í starfi Vestfjarðastofu og á árinu 2019 aðstoðuðu starfsmenn einstaklinga og fyrirtæki um alla Vestfirði við gerð styrkumsókna. Fyrir úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2020 voru haldnir þrír kynningarfundir og umsækjendum var boðið að mæta á starfsstöðvar Vestfjarðastofu til að vinna umsóknir sínar dagana fyrir lokaskiladag og fá aðstoð ef þurfti. Mikil aðsókn var bæði á starfsstöð á Ísafirði og Patreksfirði. Aukin ásókn hefur einnig verið í ráðgjöf um fjarfundabúnað.

Nýsköpunarþing

Guðrún Anna Finnbogadóttir verkefnastjóri okkar á Patreksfirði verður með fyrirlestur um nýsköpun í sjávarútvegi á Nýsköpunarþingi þann 21. október.

Tækifæri dreifðra byggða í fjórðu iðnbýltingunni

Vestfjarðastofa stóð ásamt öðrum landshlutasamtökum og Nýsköpunarmiðstöð Íslands að



ráðstefnu tækifæri dreifðra byggða í fjórðu iðnbyltingunni. Ráðstefnan var haldin samtímis á sjö stöðum á landinu og streymt á netinu.

Fyrirtækjakönnun

Vestfjarðastofa tók á árinu þátt í fyrirtækjakönnun sem unnin er af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir alla landshluta utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa frá árinu 2013 gert fyrirtækjakönnun á hverju ári til að kanna viðhorf atvinnulífsins til ýmissa mikilvægra mála og fylgst með þróun viðhorfanna frá einum tíma til annars. Slík könnun er mikilvægt innlegg í byggðapróun svæða og gögn úr slíkum könnunum geta nýst til frekar rannsókna.

Megnmarkmið könnunarinnar er að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja í landshlutanum þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja. Könnunin sem nú var lögð fyrir er sú fyrsta af fjórum þar sem spurt verður um mismunandi þætti yfir fjögurra ára tímabil.

Vestfjarðastofa bauð öllum virkum vestfirskum fyrirtækjum að vera með í fyrirtækjakönnuninni og niðurstöður bárust á vordögum 2019 og má finna á vef Vestfjarðastofu. Ný könnun var send út í lok árs 2019 og birtast niðurstöður hennar vorið 2020.

Samstarf atvinnuþróunarfélaga

Atvinnuþróunarfélögin eru átta talsins og er fundað sameiginlega tvisvar á ári; á vorfundi sem haldinn er árlega í tengslum við ársfund Byggðastofnunar. Vorfundurinn var árið 2019 haldinn á Akureyri og var farið yfir leiðir til að gera atvinnuráðgjöf landshlutasamtakann markvissari og árangursríkari auk þess sem atvinnuráðgjafar á landinu öllu bera saman bækur sínar. Fundurinn er skipulagður af Byggðastofnun og endaði á ársfundi stofnunarinnar á Siglufirði.

Byggðastofnun og Atvinnuþróunarfélögin funda tvisvar á ári og skiptast á um að halda þá fundi. Haustiundur 2019 var á Ísafirði og annaðist Vestfjarðastofa undirbúning. Fjallað var um nýsköpun á landsbyggðinni og áfangastaðastofur. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, nýsköpunar og iðnaðar var á fundinum og kynnt var nýútkomin úttekt Daða Más Kristóferssonar á dreifingu fjármagns til nýsköpunar um landið. Auk þess kom Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri á fundinn til að ræða hugmyndir um Áfangastaðastofur. Auk dagskrár var farið í heimsóknir í fyrirtæki til að kynna svæðið.



Byggðapróun

Umhverfissvottun

Vorið 2019 var verkefnastjóri Umhverfissvottunar lánaður yfir til Náttúrustofa Vestfjarða (Nave) þar sem ákveðið var að kanna hvort að verkefnið ætti frekara brautargengi þar. Nave hafði því umsjón með verkefninu og annast öflun gagna og kynningu á verkefninu en verkefnastjóri frá Vestfjarðastofu hafði yfirumsjón með verkefninu og stýrði einnig viðburðum. Að hausti 2019 var haldin veigamikil sýning sem bar nafnið Umhverfislestin, en Vestfjarðastofa hafði alfarið yfirumsjón með því verkefni. Sýningin var sett upp á þremur stöðum á Vestfjörðum, Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík við góðar undirtektir gesta og fjölmiðla.

Græn skref héldu áfram og eru skráðar stofnanir nú orðnar 32 og kláruðu 4 þeirra skref eitt á tímabilinu. Græna teymið hélt reglulega fundi á árinu til að viðhalda framgangi mála í þeim verkefnum sem búið er að samþykkja í Framkvæmdaáætlun.

Í lok árs fékkst svo silfurvottun fyrir árið 2019 sem er viðurkenning fyrir fimm ára eða meira samfelldar framfarir í umhverfismálum á Vestfjörðum.

Skipulag haf- og strandsvæða - Strandsvæðaskipulag Vestfjarða

Samkvæmt bráðabrigðaákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða (88/2018) er mælt fyrir um að fyrstu svæði sem unnið skal að verði strandsvæða Vestfjarða og Austfjarða. Svæðisráð Strandsvæðaskipulags Vestfjarða var skipað seint á árinu 2018 og fyrsti fundur ráðsins var haldinn þann 15. apríl í Reykjavík og annar fundur þann 11. og 12. september á Ísafirði auk vettvangsferðar um svæðið. Skipulagsstofnun er svæðisráðunum til ráðgjafar og annast gerð strandsvæðaskipulagsins í umboði svæðisráðanna. Staða verkefnisins og nánari lýsing má finna á heimasíðu verkefnisins www.hafskipulag.is.

Brothættar byggðir í Árneshreppi – Áfram Árneshreppur!

Unnið var að verkefninu Áfram Árneshreppur! sem er undir hatti Brothættra byggða í samstarfi við Byggðastofnun. Haldinn var íbúafundur þar sem farið var yfir markmiðasetningu.

Helsta framfaraskref ársins var stofnun Verzlunarfélags Árneshrepps ehf, en það var stofnað að frumkvæði heimamanna með dyggri aðstoð Vestfjarðastofu. Hluthafar urðu 139, miklu fleiri en íbúar hreppsins. Ástæðan er sú að margir brottfluttir Árneshreppsþúar áttuðu sig á mikilvægi verkefnisins og vildu styrkja það með því að eignast hlut í félaginu.



Verzlunarfjlagið fékk styrk frá Byggðastofnun til rekstrar í þrjú ár. Reksturinn hefur gengið vel og í raun vonum fram, einkum hversu vel Verzlunarfjlagið hefur fest sig í sessi sem miðpunktur og samkomustaður sveitarfélagsins.

Verkefnið Áfram Árneshreppur veitti 11 styrki á árinu 201 og hafa sjö þeirra komist til framkvæmda. Heildarupphæð styrkja var 7 milljónir króna auk einnar milljónar sem hætt var við á fyrra ári, alls 8 mkr.

Þessi verkefni voru styrkt og hafa komið til framkvæmda:

- Sleðaferðir í Djúpavík
- Þjóðmenningarskólinn á Seljanesi
- The Factory, myndlistarsýning
- Hjólað í Djúpavík, reiðhjólaleiga
- Verzlunarfjlag Árneshrepps I Norðurfirði
- Krossneslaug, hönnun á búningsaðstöðu
- Ferðamálasamtök Árneshrepps, stofnun og markaðssetning

Stefnt er að því að þessi verkefni komist til framkvæmda sumarið 2020:

- Sveitaskólinn
- Strandferðir, aðstaða fyrir ferðamenn
- Hlaðvarp um Strandir og Vestfirði

Verkefnið Frisbigolf var afturkallað og styrkurinn afþakkaður. Sú upphæð bætist við styrkupphæð ársins 2020.

Verkefnið Kjöttvinnsla í Norðurfirði fékk úthlutað styrk 2018 en hefur ekki komið til framkvæmda.

Stefnt er að styrkúthlutun fyrir árið 2020 fyrir lok maí.

Brothættar byggðir á Þingeyri – Öll vötn til Dýrafjarðar

Verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar hóf sitt annað ár 2019. Síðan verkefnið hófst 2018 hafa verið haldnir tveir stórir íbúafundir með góðri þátttöku íbúa á Þingeyri og við Dýrafjörð. Afrakstur þessa funda var yfirgripsmikil aðgerðaáætlun þar sem íbúar settu fram sína framtíðarsýn ásamt því að flokka og forgangsraða þeim fjölmörgu verkefnum sem þeim fannst brýnt að vinna að. Á heimasíðu Vestfjarðastofu má sjá þessa skýrslu, sem er uppfærð á hverju ári eftir því hvernig verkefnum vindur fram.

Verkefnastjóri verkefnisins hefur yfirsýn yfir þessi verkefni ásamt því að aðstoða íbúana eftir því sem

þurfa þykir hverju sinni. Aðstoð sem felst meðal annars í því að fylgja eftir verkefnum, aðstoða við gerð viðskipaáætlaða, aðstoða við gerð styrkumsókna í hina ýmsu sjóði, verið íbúasamtökunum/hverfissamtökunum innanhanda og margt fleira. Verkefnastjóri sat fjölda funda með íbúum, frumkvöðlum, verkefnastjórn, fulltrúum Ísafjarðarbæjar og fleiri í tengslum við verkefnið allt árið. Að auki tók verkefnastjóri tók þátt í verkefninu Interface á vegum Bygðastofnunar, fór í heimsóknir í fyrirtæki á Þingeyri, hitti íbúa með formlegum en mest óformlegum hætti, auglýsti styrki og annaðist úthlutun þeirra.



Alla jafna berast margar umsóknir sem endurspeglar vel áhuga íbúana á að efla samfélagið sitt, bæði hvað varðar fjölbreytt atvinnutækifæri og menningu. Því miður er ekki hægt að veita styrki til allra verkefna þar sem fjármagn er af skörum skammti. Hér að neðan má sjá töflu yfir þau verkefni sem hlutu styrk fyrir árið 2019.

Nafn umsækjanda	Nafn verkefnis	Styrkupp hæð
Blábankinn	Áform um að halda fimm stærri vinnustofur/ námskeið	500.000 ISK
Blábankinn	Málstofa – Snjallþorpið	400.000 ISK
Guðbjörg Lind Jónsdóttir	Book with Guðbjörks Lind's art work and her connecting with Þingeyri	325.000 ISK
Guðbjörg Dögg Guðmundsdóttir	Soð í Dýrafirði Matur er mannsins megin – sjónvarpsþáttur	1.300.000 ISK
Henry Fletcher	Tourism services specific – OutdoorActive digital platform	195.000 ISK
Hestamannafélagið Stormur	Reiðvöllur að Söndum. Endurnýja uppistöður fyrir afmörkun á hringvelli	280.000 ISK
Hestamannafélagið Stormur	Dómhús á svæði Hestamannafélagsins Storms að Söndum í Dýrafirði	500.000 ISK
Janne Kristensen	Management support for „job“ running The Westfjords Creative Residency	1.200.000 ISK
Koltra Handverkshópur	Námskeið í sútun á skinnnum	350.000 ISK
Kómedíuleikhúsið	Leiiklistarmiðstöð Kómedíuleikhússins	300.000 ISK
Óttar Freyr Gíslason	Fjallaskíði í Vestfirsku ölpunum	500.000 ISK
Freysteinn Nonni Mánason	Fóðurverksmiðja á Þingeyri fyrir fiskeldi	650.000 ISK
Jón Skúlason	Vinn og setja upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við ferjustaðinn við Gemlufall	500.000 ISK
		7.000.000 ISK

Orkutengd verkefni

Í 70 ára sögu Fjórðungssambandsins hefur afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum verið eitt af megin viðfangsefnum sambandsins. Ef horft er til viðfangsefni fortíðar þá má segja að mikill árangur hafi náðst. En ef horft er til krafna dagsins í dag þá stendur landshlutinn höllum fæti í samanburði við aðra landshluta og við blasa stór og umfangsmikil verkefni.

Afhendingaröryggi rafmagns á Vestfjörðum er tvíþætt verkefni, flutningskerfi raforku og efling orkuframleiðslu. Flutningskerfið er tvíþætt, annarsvegar frá öðrum hlutum landsins byggður á



geislalínu og skaparsjálfkrafa óöryggi í afhendingu. Þar tekur við dreifikerfi raforku innan Vestfjarða, sem þarf að leysa landfræðilegar og veðurfarslegar áskoranir sem ekki finnast annarstaðar í landinu. Hitt verkefnið er að orkuframleiðsla innan Vestfjarða mætir í dag einungis um 40 % af meðaleftirspurn.

Skammtímalausn er og hefur verið, að byggja upp varaafli og nú síðast snjallvætt flutningskerfi. Langtímalausn er felst í hringtengingu flutningskerfis á Vestfjörðum, styrkingu flutningslínu inn til Vestfjarða og uppbygging orkuframleiðslu innan Vestfjarða. Hér blandast síðan saman við að til þess að flutningskerfið virki sem skyldi þarf samspil framleiðslu og notkunar innan Vestfjarða. Þar er jafnt unnið að því að fá inn nýja kaupendur og stuðla að aukinni framleiðslu.

Í flutningsmálum raforku var unnið að undirbúningi hringtengingu flutningskerfis á Vestfjörðum með stofnun verkefnaráðs Landsnets „Ísafjarðardjúp nýr afhendingarstaður“. Í verkefnaráðinu sitja m.a. fulltrúar sveitarfélaga þar sem áhrif nýrrar flutningslínu verða. Áform um byggingu Hvalárvirkjunar þrýsta á ákvarðanir í þessum efnum, en það er jafnframt og í raun óháð virkjun Hvalár, að fylgt verið eftir stefnu Alþingis um að trygging afhendingaröryggis á Vestfjörðum sé forgangsverkefni. Verkefnaráð Landsnets fundaði tvisvar á árinu og er unnið að undirbúningi umhverfismats nýrrar flutningslínu og tengipunkts.

Hringtenging flutningskerfis á sunnanverðum Vestfjörðum var áfram í vinnslu hjá Landsneti og er vænst að framkvæmdir hefjist á árinu 2020. Áhrif óveðurs í desember ýtti enn frekar eftir úrbótum á þessu sviði enda gríðarlega mikilvægt að tryggja afhendingaröryggi til hratt vaxandi atvinnulífs á svæðinu. Lagning kapals um Dýrafjarðargöng eykur afhendingaröryggi til norðanverðra Vestfjarða en styrkir um leið hringtengingu flutningskerfis á sunnanverðum Vestfjörðum.

Ákveðið var að fá greiningu á eftirspurn rafmagns til framtíðar litið með gerð sértækrar raforkuspár fyrir Vestfirði og verkfræðistofan Efla fengin til þess verks. Niðurstöðu er að vænta fyrri hluta árs 2020.

Undirbúin var verklýsing fyrir verðkönnun á úttekt á smávirkjanakostum Vestfjörðum og miðað við að verkefnið verði unnið á fyrri hluta árs 2020.

Unnar voru umsagnir um Kerfisáætlun Landsnets þar sem lögð var áhersla á að hringtenging á sunnanverðum Vestfjörðum kæmist á framkvæmdaáætlun. Í umsögn um langtímaáætlun var lögð áhersla á tengipunkt í innanverðu Ísafjarðardjúpi og hringtengingu flutningskerfis á Vestfjörðum.

Í jarðhitaverkefnum var eftir því sem kostur var á, fylgt eftir undirbúningi á hitaveitu á Hólmavík eins að fengið verði mat á afkastagetu jarðhitasvæðisins á Reykhólum og eigendur setji fram nýtingaráætlun.



#Vestfirðingar

Í lok árs 2018 hófs undirbúningur fyrir verkefnið #Vestfirðingar sem var í gangi árið 2019. Um er að ræða verkefni þar sem dregnir eru fram íbúar Vestfjarða og þeir teknir í örviðtöl um líf og starf á Vestfjörðum. Verkefnið fékk mikla athygli á samfélagmiðlum.

Meðal þess sem gert var í verkefninu #Vestfirðingar var að láta Gallup spyrja nokkurra spurninga um afstöðu landsmanna til fiskeldis í sjó á Vestfjörðum, um ímynd Vestfjarða og afstöðu í raforkumálum.



Menningarmál

Á sviði menningarmála felast verkefnið að miklu leyti í ráðgjöf vegna styrkja Uppbyggingarsjóðs bæði fyrir og eftir styrkveitingar. Kynningarfundir voru haldnir í tengslum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði víðsvegar um Vestfirði auk þess sem menningarfulltrúi og aðrir starfsmenn Vestfjarðastofu veittu ráðgjöf við gerð styrkumsókna.

Menningarfulltrúi tekur þátt í samstarfi menningarfulltrúa á landsvísu.

Verkefnið Straumar er einnig á hans könnu en á þess vegum voru fimm listamenn studdir til verkefna í heimabyggð síðasta sumar.

Menningarfulltrúi hefur einnig setið í nefnd forsætisráðuneytis um framtíð arfleifðar Jóns Sigurðssonar en skýrsla þeirrar nefndar kom út í október 2019.

Í tengslum við endurskoðun Sóknaráætlunar voru haldnir þrír fundir á Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði um menningarhluta áætlunarinnar sem skapar síðan ramma um styrkveitingar og áhersluverkefni.



Markaðsstofa Vestfjarða

Blaðamanna- og kynnisferðir um svæðið

Móttaka ljósmyndara, blaðamanna og áhrifavalda er jafnan nokkuð stór þáttur í starfseminni og lögð hefur verið áhersla vor og haust í slíkum ferðum síðustu ár. Fulltrúi Markaðsstofu Vestfjarða fylgdi hópi blaðamanna um svæðið og ásamt því að þó nokkrir ljósmyndarar og áhrifavaldar voru á ferð um Vestfirði allt árið.

Sýningar og vinnustofur

Markaðsstofa Vestfjarða tók þátt í tveimur ferðasýningum og einni vinnustofuferð árið 2019. 31. jan – 12. feb var Mid-Atlantic kaupstefnan og var Markaðsstofa Vestfjarða þar undir merkjum Visit Westfjords. Jafnframt var Visit Westfjords á VestNorden sem haldið var í Færeyjum árið 2019.

Visit Westfjords tók þátt í einni vinnustofuferð árið 2019 og var það til USA enda eru Bandaríkin skilgreindur sem kjarnamarkaður fyrir vestfirska ferðapjónustu. Á þeirri vinnustofuferð hitti fulltrúi MV yfir 200 söluaðila.

Áfangastaðaaætlun

Verkefni tengd áfangastaðaaætlun eru mörg hver komin á fullt og verið að vinna að. Fyrri hluti árs fór í að ýta við sveitafélögum að nýta Áfangastaðaaætlunina í þeirra störf. Seinni hluti árs fór í að byrja að undirbúa uppfærslu á aðgerðaaætlun Áfangastaðaaætlun Vestfjarða.

Í september fóru verkefnastjórar MV og hittu allar sveitastjórnir á Vestfjörðum. Farið var yfir stöðuna á verkefnum í aðgerðaaætluninni tengdum sveitafélögnum og þau beðin um að koma með hugmyndir af áframhaldandi verkefnum.

Á áætlun var síðan að næstu skref yrðu að hitta ferðapjóna og aðra á opnum fundum í bæjarkjörnunum. Vegna veðurs og ástands í samfélaginu hefur því verið frestað fram á mitt árið 2020.

Mannamót: Markaðsstofur landshlutanna heldur saman hinn árlega viðburð Mannamót þar sem ferðapjónum af landsbyggðinni er boðið að koma og kynna fyrirtæki og vörur sínar fyrir ferðapjónustuaðilum á höfuðborgarsvæðinu. Mannamót var haldið 17. janúar 2019 og var metþátttaka á árinu, þar sem 20 vestfirsk fyrirtæki kynntu sig þar.

Fagrað Íslandsstofu: Markaðsstofa Vestfjarða er með fulltrúa í fagraði Íslandsstofu og voru á árinu 2019 haldnir þrír fagraðsfundir.

Verkefni styrkt af ferðamálastofu

Verkefni styrkt af Ferðamálastofu tóku töluverðum breytingum á árinu 2019. En fjögur verkefni voru sameinuð í tvö, Hringvegur 2 (Vestfjarðaleiðin) annarsvegar og Stafrænir Vestfirðir hins vegar.

Samstarf við fyrirtæki á svæðinu

Í júlí fór fulltrúi Markaðsstofu Vestfjarða í skoðunar- og heimsóknarferð um Vestfirði og Dali ásamt ráðgjöfum Blue Sail í tengslum við vinnu að Vestfjarðaleiðinni, um leið hitti hún á ferðaþjóna víðsvegar í fjórðungnum og tók á þeim púlsinn. Heimsóknirnar voru fróðlegar og hitti hún á um 25 ferðaþjónustufyrirtæki í þeirri ferð. Í september var staðið fyrir þremur opnum vinnustofum víðsvegar um fjórðunginn, þangað komu saman ferðaþjónar af öllum Vestfjörðum og lögðu grunn að samstarfi og vinnu við Vestfjarðaleiðina.

Fulltrúar Markaðsstofu Vestfjarða héldu norður í land í desember til þess að kynna sér Norðurstrandaleiðina, kynna sér þá vinnu sem þar lá að baki og læra af reynslu þeirra sem að henni stóðu.

Morgunverðarfundir: Markaðsstofa Vestfjarða ásamt Ferðamálasamtökum Vestfjarða kom aftur á fót morgunverðarfundum ferðaþjónustuaðila á norðanverðum Vestfjörðum. Einnig var byrjað með slíka fundi á sunnanverðum Vestfjörðum sem og Ströndum.

Visit Westfjords, heimasíða og samfélagsmiðlar

Markaðsstofa Vestfjarða heldur úti virkum vef og samfélagsmiðlum en mikil áhersla hefur verið lögð á stafræna markaðssetningu undir merkinu Visit Westfjords. Á Instagram eru Vestfirðir með meira en 50 þúsund fylgjendur sem er meira en nokkur annar landshluta sem og Reykjavíkurborg. Á facebook erum við með hátt í 30 þúsund fylgjendur og er þar unnið bæði með síðu á íslensku og ensku.

Þessi mikli fylgjendahópur auðveldar Markaðsstofu Vestfjarða að miðla upplýsingum um vöru og þjónustu til áhugasamra aðila.

Vestfjarðaleiðin – ferðamannaleið

Stærsta verkefni Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða var Hringvegur 2 sem árið 2019 hlaut nafnið Vestfjarðaleiðin. Nokkur vinna fór á árinu í undirbúning þess verkefnis sem meðal annars fólst í upplýsingaöflun um þróun ferðamannaleiða. Haldnir voru fjórir svæðisfundir vegna verkefnisins.

Sóttir fundir og ráðstefnur

Starfsfólk hefur sótt nokkrar ráðstefnur, námskeið og fundi:

- Aðalsteinn og Sirrý fóru á kynningarfund vegna Vestfjarðavegar 60 á Reykhólum
- Sirrý, Aðalsteinn, Skúli, Lína og Díana fóru á ráðstefnu Byggðastofnunar í Hveragerði um stefnur ríkisins
- Aðalsteinn sótti Landsþing sveitarfélaga og vorfund Landshlutasamtakanna auk fundar með stýrihópi stjórnarráðsins og landshlutasamtakanna
- Skúli sótti árlegan fund menningarfulltrúa landshlutanna á Skagaströnd
- Sirrý, Lína og Agnes sóttu vorfund atvinnuþróunarfélaganna og ársfund Byggðastofnunar á Akureyri
- Agnes og Skúli sóttu sameiginlegan fund verkefnisstjóra brothættra byggða tengt verkefninu Interface á Kirkjubæjarklaustri
- Aðalsteinn sótti sumarfund Landshlutasamtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

- Aðalsteinn og Sirrý sóttu samráðsfund með stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál um Sóknaráætlanir
- Aðalsteinn sótti fund verkefnaráðs vegna fyrirhugaðra framkvæmda við tengipunkt Landsnets í Ísafjarðardjúpi
- Aðalsteinn sótti aukalandsþing Sambands sveitarfélaga
- Sirrý og Aðalsteinn sóttu Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík
- Sirrý sótti ráðstefnuna Nordic Business Forum í Helsinki í október
- Aðalsteinn sótti Nordregio Forum

